



## Fundargerð

452. fundur sveitarstjórnar Reykólahrepps.  
Þriðjudaginn 19. maí 2020, kl. 16.00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykóhólum.

Mætt: Árný Huld Haraldsdóttir, Ingimar Ingimarsson, Ágústa Ýr Sveinsdóttir, Jóhanna Ösp Einarsdóttir og Rebekka Eiríksdóttir í forföllum Emblu Daggar B. Jóhannsdóttur. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Oddviti bauð fólk velkomið og spurði eftir athugasemdum um fundarboðun og dagskrá fundar. Il spurði um lið 1 á málum til kynningar.

Fundargerð er rituð á tölvu og er 6 blaðsíður.

## Dagskrá:

### Fundargerðir nefna sveitarfélagsins

1. 450. og 451. fundur sveitarstjórnar Reykólahrepps.

*Oddviti fór yfir fundargerðir og eru þær samþykkar samhljóða.*

2. Skipulags- húsnæðis- og hafnarnefnd 7. maí 2020.

*Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.*

- 2.1. Framkvæmdaleyfi í landi Hríshóls, rofahús.

*Sveitarstjórn samþykkir framkvæmdaleyfi með fyrirvara nefndarinnar. Samþykkt samhljóða*

- 2.2. Brunamál í Flatey, slökkvihús.

*Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar og felur byggingafulltrúa að vinna kostnaðarmat. Samþykkt samhljóða.*

- 2.3. Smábátahöfn í Flatey.

*Sveitastjórn samþykkir bókun nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.*

*Fundagerðin samþykkt að öðru leiti.*

### Mál til afgreiðslu

1. 2005005 - Uppsögn sveitarstjóra, kæra frá Lex 4. maí 2020.

*Sveitarstjórn fól sveitarstjóra að verja hagsmuni sveitarfélagsins og koma kærinni í hendur lögmanna sveitarfélagsins.*

*Kynnt er bréf LEX lögmannsstofu f.h. Tryggva Harðarsonar, f.v. sveitarstjóra, í tilefni af uppsögn hans úr starfi. Í bréfinu er þess krafist að Tryggvi haldi umsömdum launum*

ásamt móttframlagi í lífeyrissjóð til ágústloka árið 2022. Þá er auk þess krafist miskabóta honum til handa.

Jafnframt er lagt fram til kynningar svarbréf PACTA lögmannna f.h. sveitarfélagsins sem útbúið var að beiðni oddvita. Í bréfinu er umræddum kröfum hafnað þar sem sveitarfélagið telur sér óheimilt að greiða umfram skyldu vegna starfslokanna.

II lagði fram eftirfarandi bókun;

Enn dregur „sveitarstjóramálið“ dilk á eftir sér. Nú er þetta 3. fundurinn sem þetta málefni er á dagskrá. Hefði verið samið um starfslok Tryggva Harðarsonar hefði ekki þurft að gera þetta að reglulegu dagskrármáli á sveitarstjórnarfundum. Nú er svo komið að fyrir liggur krafa fyrrverandi sveitarstjóra uppá tæpar 30 milljónir. Undirritaður skorar á meirihlutann að semja við fyrrverandi sveitarstjóra svo forðast megi frekari málaferli. En áhugavert er að benda á að ráðgjöf í þessu máli kom einmitt frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga eins og hin starfsmanna kæran sem liggur fyrir þessum fundi.

Undirritaður tekur fram vegna þess sem fram kemur í svari lögfræðings meirihlutans að Tryggvi Harðarsson var ekki ráðinn pólitískt í starf sveitarstjóra. Hann var ráðinn eftir langt og faglegt ferli með Capacent í fararbroddi þar sem farið var í gegnum 17 umsóknir og þeim öllum gefin stig. Allir sveitarstjórnarfulltrúar voru hafðir með í þessu ferli frá upphafi til enda. Að lokum fór svo að allir sveitarstjórnarfulltrúar fylgdu eftir ráðleggingum Capacent við ráðninguna og réðu samhljóða þann sem flest stig fékk, Tryggva Harðarsson. Það er útúrsnúningur að reyna setja starfið upp sem pólitískt vegna þess að starfsmaðurinn fylgi eftir stefnu sveitarstjórnar. Það eiga allir starfsmenn sveitarfélagsins að fylgja eftir stefnu sveitarstjórnar, eru þeir þá allir pólitískir?

Þá hefur meirihluti sveitarstjórnar enn ekki rökstutt brottreksturinn, þrátt fyrir að undirritaður hafi tvívegis beðið um hann á fundi sveitarstjórnar. Ég tel að ég sem sveitarstjórnarmaður ásamt öllum íbúum Reykhólahrepps eigi rétt á þessum rökstuðningi. Ég bið því enn á ný, í þriðja sinn, um rökstuðning vegna uppsagnar Tryggva Harðarsonar.

## 2. 2005013 - Félagsdómsstefna, ASÍ, gegn Reykhólahreppi.

Sveitarstjórn fól sveitarstjóra að verja hagsmuni sveitarfélagsins og koma kærinni í hendur lögmannna sveitarfélagsins.

II lagði fram eftirfarandi tillögu;

Sveitarstjórn leggur til að leitað verði samkomulags við starfsmanninn. Þá leggur sveitarstjórn til að málið verði skoðað þar sem öll gögn og samskipti vegna málsins verði lögð fram svo hægt verði að læra af því.

Tillagan samþykkt samhljóða.

## 3. 2005014 - Mannauðsstefna Reykhólahrepps.

Lögð fram ofangreind stefna, sem unnin er af Guðrúnu Guðmundsdóttur fyrir Reykhólahrepps.

Sveitarstjórn vísar stefnunni til frekari vinnslu. Samþykkt samhljóða.

## 4. 2005015 - Heimild á bankareikning Reykhólahrepps.

Lögð fram ósk eftir yfirdrætti á viðskiptareikning Reykhólahepps hjá Landsbankanum allt að 60 milljónum króna. Beiðni dagsett 17.12.2019.  
ÁHH lagði fram eftirfarandi bókun;

„Í 7. kafla um fjármál sveitarfélaga, 58. grein segir að einvörðungu sveitarstjórn geti tekið ákvarðanir um málefni er varða verulega fjármál sveitarfélagsins. Til slíkra málefna teljast m.a. ákvarðanir um lán, ábyrgðir og aðrar fjárhagslegar skuldbindingar sveitarfélags. Ég vil því setja út á vinnubrögð sem höfð voru við samþykki á yfirdráttarheimild hjá Reykhólahreppi í desember 2019. Ákvörðun um að taka yfirdrátt fyrir hönd Reykhólahrepps var ekki tekin á sveitarstjórnarfundi og ekki kynnt fyrir öllum sem sitja í sveitarstjórn. Tveir sveitarstjórnarmenn voru ekki á neinn hátt upplýstir um yfirdráttinn og komust að því að yfirdrátturinn hefði verið tekinn nokkrum mánuðum seinna.“

II lagði fram eftirfarandi bókun;

Meirihluti sveitarstjórnar 4 af 5 skrifa undir heimild til þess að fenginn verði yfirdráttur til þess að brúa bilið uns nýbyggðar íbúðir færu í sjálfseignastofnun. Því er skriflegt samþykki meirihluta sveitarstjórnar fullkomlega gild sem ákvörðun sveitarstjórnar. Það sama á við um seinna bréfið, þar skrifar undir meirihluti 3/5 sveitarstjórnar og er það því ákvörðun sveitarstjórnar. Farist hefur fyrir hjá oddvita að kynna þetta á sveitarstjórnarfundi og er það miður. Það er þó til málsbóta að yfirdrátturinn er tímabundin þangað til Reykhólar Hses greiðir sveitarsjóði. En á þessum tíma þegar yfirdrátturinn var tekinn var ekki möguleiki á fundi.

Það var ákvörðun meirihluta sveitarstjórnar að fara í framkvæmdir vegna húsbygginga fyrir eigið fé, þar til húsnæðisfélag væri stofnað. Sú töl sem varð á stofnun Reykhóla Hses, lagning ljósleiðarans og minni tekna sveitarsjóðs en áætlanir gerðu ráð fyrir urðu til þess að lausafé sveitarfélagsins dugði ekki til. Þá var tekin ákvörðun um að brúa bilið með yfirdrætti þar til greiðslur bærust frá Reykhólar Hses. Þetta þótti hagstæðara en að taka önnur lán vegna lántöku- og uppgreiðslukostnaðar. Þessi ákvörðun var tekin af meirihluta sveitarstjórnar og undirrituð.

Vegna tafa á greiðslum Reykhóla Hses, kostnaðar við ljósleiðara og minni tekna sveitarstjóðs en áætlanir gerðu ráð fyrir var ákveðið að framlengja yfirdráttinn og hafa 60 milljón króna þak á honum. Þær 60 milljónir hafa aldrei verið fullnýttar. Það hefur því aldrei þurft að borga vexti af 60 milljónum á yfirdráttarlánum. Að baki þessum ákvörðunum liggur samþykki með undirritun meirihluta sveitarstjórnar, bæði 15. nóv. og 17. des. Þá sendi sveitarstjóri einnig tölvupóst um málið 15. nóvember 2019 þar sem hann minntist á nauðsyn þess að skrifa undir skilmála yfirdráttisins.

Undirritaður biðst afsökunar á því að hafa ekki haldið fund sérstaklega um þetta málefni. En það var á ábyrgð hans sem oddvita að gera slíkt. Undirritaður taldi þó að þar sem meirihluti sveitarstjórnar undirritaði skjölin væri fram kominn vilji meirihluta sveitarstjórnar.

Sveitarstjóra er heimilt að framlengja heimildina þar til lán liggja fyrir. Samþykkt samhljóða.

5. 2005016 - Ársreikningur 2019, heimild til niðurfærslu, gögn lögð fram á fundi.

Lögð fram trúnaðargögn þar sem sveitarstjóri óskar heimildar til niðurfellingar á eldri þjónustugjöldum að upphæð kr. 1.416.720 sem ekki hefur náðst að innheimta.

*Sveitarstjórn samþykkir niðurfærslu samhljóða.*

6. 2005017 - Tillaga að bótum til eigenda vegna vegagerðar, fasteignin Þórisstaðir land, landnr. 205851.

*Sveitarstjórn felur sveitarstjóra koma erindinu í hendur lögmanna sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.*

7. 2005018 - Aðalfundur Vestfjarðastofu 27. maí 2020, fjarfundur.

*Lagt fram og kynnt.*

8. 2005019 - Launanevnd Sambands íslenskra sveitarfélaga.

*Lögð fram tillaga frá sveitarstjóra að kannaður verði möguleiki á því að sveitarfélagið gangi á ný inn í launanevnd Sambands íslenskra sveitarfélaga. Tillagan samþykkt með fjórum atkvæðum gegn einu atkvæði II.*

*II lagði fram eftirfarandi bókun;*

*Undirrituðum líst illa á samstarf við launanevnd Sambands íslenskra sveitarfélaga. Enda er framkoma stjórnar sambandsins vegna launanevndar til skammar, þegar okkur ásamt fleiri sveitarfélögum var hent úr launanevndinni án viðvarana. Rétt er að benda á að tvö kærumál eru dagskrá fundarins vegna ráðlegginga frá þessari nefnd. Réttara væri að leita samstarfs við önnur sveitarfélög sem standa utan launanevndarinnar.*

9. 2005020 - Tilnefning fulltrúa í fulltrúaráð Vestfjarðastofu.

*Sveitarstjórn tilnefndi Árný Huld Haraldsdóttur sem fulltrúa sveitarfélagsins í fulltrúaráð Vestfjarðastofu og Emblu Dögg B. Jóhannsdóttur til vara. Samþykkt samhljóða.*

10. 2005021 - Tilnefning fulltrúa í Barnaverndarnefnd Húnaþings, Stranda og Reykhólahrepps.

*Rebekka Eiríksdóttir verður aðalfulltrúi og María Maack verður varafulltrúi. Samþykkt samhljóða.*

11. 2005022 - Áskorun frá Framfarafélagi Flateyjar.

*Efni áskorunar vísað til fjárlagagerðar fyrir árið 2021. Samþykkt samhljóða.*

12. 1607016 - Ljósleiðari um Reykhólahrepp.

*Fram lögð gögn vegna verkefnisins, umræður fóru fram á fundinum.*

13. 2005023 - Endurskoðun á framkvæmdum 2020 vegna Covid.

*Fram fór umræða um málefnið.*

### **Mál til kynningar**

1. 1912010 - Framkvæmdaleyfi vegna Vestfjarðarvegur 60, kærur. Drög að svarbréfi Reykhólahrepps, lagt fram til kynningar á fundi.

Jón Jónsson hrl. hjá Sókn lögmannsstofu var gestur undir þessum lið í síma og fór yfir drög að svarbréfum með sveitarstjórn.

Il lagði fram eftirfarandi bókun;

*Enn bætist við rósirnar í hnappagöt meirihlutans. Nú er svo komið að orð eins og valdniðsla, þvingun, vanhæfi og að sveitarstjórn hafi farið út fyrir valdsvið sitt hafa bæst í kæruflóruna. Í kæru landeigenda Náttúruverndarsamtaka Íslands og Fuglaverndunarfélag Íslands eru nefnd brot á einum 15 greinum hinna ýmsu laga. Við þetta bætast svo brot á 7 greinum hinna ýmsu laga í fyrri kæru frá Landvernd. Það er því verið að kæra meirihluta sveitarstjórnar fyrir brot á rétt um 20 lagagreinum, sem hlýtur að vera nálægt því að vera met.*

*Ekki þarf að fara yfir það hversu alvarlegt það er að fá kærur á sig, hversu kostnaðarsamt það er og tímafrekt. Það getur því ekki verið fyrir hagsmuni Reykhólahrepps sem þessi leið var valin. Öllum var ljóst áður en hún var valin að þetta yrði sú leið sem fengi á sig flestar kærur og myndi taka mestan tíman ef hún yrði einhvern tíman fær. Ég held samt að engum hafi dottið í hug þessi fjöldi lagagreina.*

*Meirihlutinn taldi sig ekki hafa val um leið, það kemur skýrt fram í bókunum þeirra á fundi sveitarstjórnar 22. janúar 2019. Ósk um íbúakosningu var hafnað á þeim forsendum að ekki væri val um leið. Þá er það augljóst á bókunum meirihlutans að hann var þvingaður til að velja eina leið, B-H leið. Þær eftiraskýringar og sögufalsanir sem Vegagerðin dreifir um fjölmiðla þessa daganna falla því algjörlega um sjálfar sig.*

2. 2005024 - Umsókn Reykhólahrepps um styrk til samgönguleiða.

*Lagt fram og kynnt.*

3. 2005025 - Drög að umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarp til stuðnings við fráveituframkvæmdir.

*Lagt fram og kynnt.*

4. 2005026 - Fundargerð 26. stjórnarfundar Vestfjarðarstofu og ársreikningur 2019.

*Lagt fram.*

5. 2005027 - Fundargerð 883. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

*Lagt fram.*

### **Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.**

1. **Fundargerð mennta- og menningarmálanefnd 18. maí 2020**

*Formaður nefnarinnar fór yfir fundargerðina.*

- 1.1 Skóladagatal og kennslumagn grunnskóladeildar 2020 - 2021.

*Sveitarstjórn samþykkir skóladagatölin og kennslumagn 132 tímar.  
Samþykkt samhljóða.*

- 1.2. Þjónustugjald fyrir bókasafn.

*Sveitarstjórn samþykkir niðurfellingu gjaldsins, samþykkt samhljóða.*

*Fundargerðin samþykkt að öðru leiti.*

**2. Fundargerð stjórnar Barmahlíðar 18. maí 2020.**

*Oddviti fór yfir fundargerðina. Fundargerðin samþykkt samhljóða.*

**3. 2005031 - Erindi frá eigendum Hólabúðar.**

*Erindið lagt fram og kynnt.*

**4. Fjármál sveitarfélaga í kjölfar Covid19**

*Lagt fram og kynnt.*

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 21:00

---

---

---

---

---

---